



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 15/2021

## Tilboðsmerkingar 100 bíla ehf.

### I.

#### Málsmeðferð

##### 1.

Í kjölfar ábendingar vegna auglýsinga 100 bíla ehf. á Nissan Leaf bifreiðum var félaginu sent erindi Neytendastofu, dags. 4. nóvember 2020. Í bréfinu kom fram að ábendingin hafi lotið að framsetningu tilboða á vefborða á vefsíðunni bilasolur.is og á vefsíðu félagsins og hafi ábendingin verið þrjúþætt. Í fyrsta lagi komi upprunalegt verð á bifreiðunum hvorki fram á umræddum vefborða né á heimasíðu félagsins þrátt fyrir að bifreiðarnar séu auglýstar á tilboði. Í öðru lagi hafi tilboð á bifreiðunum verið auglýst lengur en í sex vikur, nánar tiltekið frá 9. september 2020. Í þriðja lagi að á umræddum vefborða komi ekki fram hversu margar bifreiðar af tegundinni Nissan Leaf standi neytendum til boða, þrátt fyrir að vera auglýstar í takmörkuðu magni.

Í bréfinu vakti Neytendastofa athygli á þeim ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem stofnunin taldi eiga við í málinu. Vísaði stofnunin sérstaklega til 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr. laganna. Þar að auki vakti stofnunin athygli á 2. gr. og 1. mgr. 8. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur eða aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Óskaði stofnunin eftir skýringum og athugasemdum fyrirtækisins vegna framangreinds.

Ekkert svar barst við erindi Neytendastofu og var erindi stofnunarinnar ítrekað með bréfi, dags. 23. nóvember 2020.

##### 2.

Í kjölfar símasamskipta fulltrúa Neytendastofu við fulltrúa 100 bíla barst stofnuninni svar með tölvupósti, mótteknum 11. janúar 2021. Í tölvupóstinum kom fram að teknar hafi verið út allar vísanir í tilboð og að um takmarkað magn hafi verið að ræða.



### 3.

Við skoðun Neytendastofu á vefsíðu 100 bíla kom í ljós að enn voru bifreiðar merktar sem tilboðsbifreiðar án þess að fyrra verð væri tilgreint. Af því tilefni sendi Neytendastofa félaginu fyrirspurn í tölvupósti þar sem tekið var fram að bifreiðar væru enn merktar á tilboði á vefsíðu félagsins ásamt því að spurst var fyrir um hvort að um raunverulega verðlækkun væri að ræða þegar bifreiðar væru merktar á tilboði. Ekkert svar barst við tölvupósti Neytendastofu og var félaginu því sent bréf, dags. 15. mars 2021, þar sem vísun í lagatilvísanir sem fram komu í bréfi stofnunarinnar frá 4. nóvember 2021 voru ítrekaðar og óskað skýringa eða athugsemda. Félaginu var gefinn 14 daga svarfrestur og tekið fram að eftir þann tíma mætti búast við að tekin yrði ákvörðun á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

### 4.

Svar barst Neytendastofu með tölvupósti, mótteknum 23. mars 2021. Í tölvupóstinum kom fram að 100 bílar sé bílasala sem sjái um sölu bifreiða fyrir þriðja aðila, sé ekki eigandi þeirra bifreiða sem séu í sölu hjá félaginu og félagið sé knúið til að fara að fyrirmælum viðskiptavina sinna. Í tölvupóstinum kom m.a. fram að sé bifreið merkt á tilboði þá sé uppítökubifreið tekinn upp í á öðrum forsendum heldur en ef bifreið sé ekki merkt á tilboði. Tilboðsverð bifreiðar sé það verð sem seljandi vilji „enda“ með fyrir bifreiðina hvort sem um staðgreiðsluviðskipti sé að ræða eða þegar bifreið sé tekin í skiptum. Tilboð sé því endanleg fjárhæð sem seljandi vilji fá í hendurnar án þess að útiloka að bifreið sé tekin í skiptum. Þá er bent á að rúmlega 3.000 bifreiðar séu merktar á tilboði á vefsíðunni bilasolur.is og það sé einungis í um helmingstíffella sem að tekið sé fram að um lækkað verð sé að ræða.

## II.

### Niðurstaða

#### 1.

Mál þetta var tekið upp í tilefni ábendingar sem Neytendastofu barst vegna auglýsinga 100 bíla ehf. Ábendingin laut að framsetningu tilboða á vefborða á vefsíðunni bilasolur.is og á vefsíðu félagsins og laut að þremur atriðum. Í fyrsta lagi komi upprunalegt verð á bifreiða hvorki fram á umræddum vefborða né á heimasíðu félagsins þrátt fyrir að bifreiðar séu auglýstar á tilboði. Í öðru lagi hafi tilboð á bifreiðunum verið auglýst lengur en í sex vikur, nánar tiltekið frá 9. september 2020. Í þriðja lagi að á umræddum vefborða komi ekki fram hversu margar bifreiðar standi neytendum til boða, þrátt fyrir að vera auglýstar í takmörkuðu magni. Í bréfi Neytendastofu var vísað til ákvæða 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæða 2. gr. og 1. mgr. 8. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölu eða aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Í svörum 100 bíla kom fram að ef bifreið sé merkt á tilboði sé tilboðsfjárhæðin sú fjárhæð sem seljandi vilji fá í hendurnar án þess að útiloka að bifreið sé tekin í skiptum.



## 2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er skv. ákvæðinu nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laganna sem er í III. kafla þeirra er svohljóðandi:

*„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“*

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í erindi Neytendastofu var vísað til d. liðar 1. mgr. 9. gr. laganna þar sem segir að átt sé við rangar upplýsingar um:

*„d. verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum.“*

Í 2. mgr. 9. gr. laganna er enn fremur kveðið á um að viðskiptahættir séu villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytanda um að eiga viðskipti. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að hafa megi þau atriði til hliðsjónar sem tilgreind eru í 1. mgr. 9. gr. laganna.

Ákvæði 11. gr. laganna, sem er í III. kafla þeirra, er svohljóðandi:

*„Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.“*

Tilgangur ákvæðisins er sá að koma í veg fyrir að neytendur séu blekkir í auglýsingum eða upplýsingum um útsölu. Verðlækkun verður að felast í því að seljandi bjóði vöru á lægra verði



en samskonar vörur eru venjulega seldar á. Seljendum er því samkvæmt ákvæðinu ekki heimilt að auglýsa verðlækkun nema raunveruleg verðlækkun hafi átt sér stað.

Með heimild í lögnum hefur Neytendastofa sett reglur nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Ákvæði 2. gr., þar sem fjallað er um lækkað verð, er svohljóðandi:

*„Í auglýsingum sem og á sölustað, þ.m.t. netverslun, skal tekið skýrt fram hvaða vörur eða þjónusta er seld á lækkuðu verði. Þegar vara eða þjónusta hefur verið seld á lækkuðu verði í sex vikur skal lækkað verð vera venjulegt verð.“*

Ákvæði 2. gr. er til fyllingar ákvæði 11. gr. laga nr. 57/2005 þar sem kveðið er á um að verðlækkun skuli vera raunveruleg.

Í 1. mgr. 8. gr. sömu reglna segir eftirfarandi:

*„Óheimilt er að auglýsa takmarkað magn vöru nema tilgreint sé hversu mikið magn standi neytendum til boða.“*

### 3.

Í fyrsta lagi má af gögnum málsins ráða að 100 bílar hafa auglýst bifreiðar á tilboði frá í það minnsta 22. október 2020, eða þann dag sem Neytendastofu barst ábending um háttsemi félagsins. Félagið hefur ekki veitt neinar skýringar eða komið að athugasemdum vegna framangreinds. Það er því óumdeilt að 100 bílar hafa auglýst vörur á lækkuðu verði í meira en sex vikur sem brýtur í bága við ákvæði 2. gr. reglna nr. 366/2008, um lækkað verð. Slíkir viðskiptahættir eru jafnframt villandi gagnvart neytendum og til þess fallnir að hafa áhrif á fjárhagslega hagsmuni þeirra og brjóta því gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.

Í öðru lagi er óumdeilt að ekki var tilgreint fyrra verð í tilboðsauglýsingum 100 bíla líkt og áskilið er skv. 11. gr. laga nr. 57/2005. Í svörum félagsins kom fram að félagið sé söluaðila bifreiða fyrir þriðja aðila og að félagið sé knúið til að fara að fyrirmælum viðskiptavina sinna. Má leiða líkum að því að með framangreindu sé félagið að vísa til þess að viðskiptavinir félagsins, eigendur bifreiðanna, geti hlutast til um hvort bifreið sé merkt á tilboði eður ei. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 57/2005 er gildissvið laganna víðtækt og nær til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum. Þá er í lögnum ekki gerður greinarmunur á seljanda eða umboðsmanni seljanda. Umboðssala bifreiða í atvinnuskyni fellur því undir lögina og bera fyrirtæki ábyrgð á að auglýsingar þeirra brjóti ekki gegn ákvæðum framangreindra laga og gildir þá einu hvort fyrirtæki sé eigandi hins auglýsta hlutar eður ei. Þá kom fram í svörum félagsins að tilboðsverð í bifreiðaviðskiptum sé sú fjárhæð sem seljandi bifreiðar vill enda með eftir viðskiptin, óháð því hvort bifreið sé seld beint eða önnur bifreið



tekin upp í sem hluti greiðslu og slík framsetning sé viðurkennd venja í bifreiðaviðskiptum. Bifreiðaviðskipti og auglýsingar á bifreiðum lúta eftir sem áður sömu lögum og reglum og önnur viðskipti og auglýsingar vegna sölu á öðrum óskyldum vörum og getur venja í bifreiðaviðskiptum ekki vikið frá skýrum lagaákvæðum og reglum. Í 2. málsl. 11. gr. laga nr. 57/2005 kemur skýrt fram að þess skuli gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var. 100 bílar hafa því brotið gegn framangreindri 11. gr. laganna með því að tilgreina ekki fyrra verð á tilboðsbifreiðum. Slíkir viðskiptahættir eru jafnframt villandi gagnvart neytendum og til þess fallnir að hafa áhrif á fjárhagslega hegðun þeirra og brjóta því gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005. Þá má af gögnum málsins ráða að ekki var um raunverulega verðlækkun að ræða þó bifreiðar væru merktar á tilboði. Slíkir viðskiptahættir eru óréttmætir og villandi gagnvart neytendum og brjóta því sömuleiðis gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og d. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.

Í þriðja lagi ber að að horfa til þess að í auglýsingum 100 bíla var tilgreint að um takmarkað magn bifreiða væri að ræða sem seldar væru á tilboðsverði. Í máli þessu er óumdeilt að 100 bílar tilgreindu ekki það magn sem stóð neytendum til boða í umræddum auglýsingum líkt og áskilið er skv. ákvæði 1. mgr. 8. gr. reglna nr. 366/2008. Slíkir viðskiptahættir eru jafnframt villandi gagnvart neytendum og til þess fallnir að hafa áhrif á fjárhagslega hegðun þeirra og brjóta því gegn 1. mgr. 8. gr. og d. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.

Neytendastofa telur rétt með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 að banna 100 bílum ehf. að viðhafa alla ofangreinda viðskiptahætti.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„100 bílar ehf., Þverholti 6, 270 Mosfellsbæ, hafa með því að auglýsa tilboðsverð á bifreiðum á vefsíðu félagsins í meira en sex vikur brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 2. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.**

**100 bílar ehf. hafa með því að tilgreina ekki fyrra verð á tilboðsbílum á vefsíðu félagsins og auglýsa bifreiðar á tilboði án þess að um raunverulega verðlækkun sé að ræða brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.**

**100 bílar ehf. hafa með því að tilgreina ekki hversu margar bifreiðar séu í boði á tilboðsverði á vefsíðu félagsins, þrátt fyrir að auglýsa að um takmarkað magn hafi verið að ræða, brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og d. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr.**



**57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 1. mgr. 8. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur eða aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.**

**Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er 100 bílum ehf. bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunar þessarar. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.“**

Neytendastofa, 10. júní 2021

Þórunn Anna Árnadóttir  
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir